

**Ed.**

**543. Frumvarp til laga**

[284. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Egill Jónsson, Karl Steinar Guðnason,  
Davíð Aðalsteinsson.

1. gr.

3. og 4. málsliður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1982, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslið, og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Frv., sem gekk í sömu átt, hefur áður verið flutt á Alþingi. Þá varð afgreiðslan sú að við var bætt barnaheimilum og leikskólum en félags- og safnaðarheimili, svo og atvinnuhúsnæði, voru ekki tekin með. Frv. þetta er borið fram til að láta hér á reyna einu sinni enn.

Frekari forsaga er sú að á sínum tíma flutti fyrsti flm. þessa frv., ásamt öðrum, frumvarp um að öll vinna hjá húseiningaverksmiðjum samsvarandi vinnu á byggingarstað yrði undanþegin söluskatti svo sem er um aðrar húsbyggingar. Frv. var borið fram til þess að koma á fullu jafnrétti hjá þeim, sem byggja verksmiðjuframleidd hús, samanborið við þá aðila sem framkvæma allt á byggingarstað. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, en þáverandi fjármálaráðherra flutti frv. sem lögfest var, en heimildin í þeim lögum einskorðaðist við íbúðarhús. Á árinu 1982 var sú viðbót lögfest sem áður er um getið.

Þróunin hefur orðið sú að mikil aukning hefur orðið í verksmiðjuframleiddum húsum þrátt fyrir samkeppni frá innflutningi húseininga og öll hefur sú þróun orðið til hagsbóta, bæði fyrir byggingariðnaðinn í landinu og enn frekar fyrir húsbyggjendur og þá aðra er í byggingarframkvæmdum standa. Enn er þó ríkjandi mismunur í þessu efni er nú varðar sér í lagi atvinnuhúsnæði þar sem eftirspurn er mikil eftir verksmiðjuframleiddum einingum, alveg sérstaklega til iðnrekstrar, og er einboðið að sömu undanþágureglur gildi þar eins og um atvinnuhúsnæði sem framleitt er á byggingarstað. Hið sama gildir um félags- og safnaðarheimili þó að þar sé um minni eftirspurn að ræða.

Raunar væri eðlilegast að heimildin yrði altæk eins og fyrsta frv. þar að lútandi gerði ráð fyrir, en hér er farin þessi leið og aðeins þau atriði sett inn, sem út voru felld úr frv. 1982.

Þrátt fyrir að nú sé mjög um undanþágur frá söluskatti deilt, og jafnvel talið að þar felist fyrst og síðast möguleikarnir til undanskots frá skilum, er það sem fyrr skoðun flm. að sama regla hljóti að eiga að gilda um verksmiðjuframleiddar byggingar sem aðrar byggingar í landinu. Því skal enn leitað vilja Alþingis til samræmingar og réttlætis í þessum málum. Því er frv. þetta flutt.